



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 26.5.2025

Málsnúmer: 202505-0035

SS/LA/BK

Efni: Umsögn um verndargildi jarðarinnar Miðfells.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu, dags 20 maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um jörðina Miðfell í Bláskógabyggð austan við Þingvallavatn, í ljósi þess að jörðin er til sölu. Óskað var sérstaklega eftir því að stofnunin legði mat á áhrif mögulegrar skógræktar og mögulegrar vatnstöku á jörðina sem og á lífríki Þingvallavatns.

Jörðin Miðfell er afar stór eða um 2450 ha og er að stærstum hulta þakin hrauni sem er nútímahraun úr eldstöðvahrauni Skjaldbreiðar. Hraunið er kallað Eldborgarhraun, runnið úr gígarað, Eldborgum, suðaustan við Hrafnabjörg. Aldur hraunsins er óviss – á bilinu 6-10 þúsund ára. Innan jarðarinnar Miðfells má sjá ýmsar hraunmyndanir s.s. hrauntraðir og hraunrásir. Sprungur og misgengi er einnig að finna og þá hefur Hellarannsóknarfélagið skráð hraunhella norðarlega á jörðinni. Hraunið allt og hellarnir falla bæði undir ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd og má sjá á kortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/>). Stór hluti Eldborgarhrauns er innan marka Þjóðgarðsins á Þingvöllum en syðsti hluti þess tilheyrir jörðunum Mjóanesi og Miðfelli. Suðurhluti fjallsins Miðfells tilheyrir jörðinni, en það er móbergshryggur myndaður við a.m.k. tvö gos undir jökli, suðurhlutinn er kallast Dagmálafell er að stórum hluta bólstraberg úr frumstæðu basalti (pikriti) sem í er mikið af gabbróhnyðlingum. Jarðminjar svæðisins eru hluti af stórri heild sem endurspeglar virka sögu landmótunar, ekki síst eldvirkni og jarðskorpuhreyfinga, enda ummerki flekarekans óvíða eins afgerandi eins og á Þingvallasvæðinu. Sú jarðminjaheild hefur hátt verndargildi og taka þarf tillit til þess við ákvarðanir um landnotkun eða framkvæmdir sem raska ásýnd heildarinnar sem og einstökum jarðminjum.

Gróðurfar jarðarinnar er einkennandi fyrir svæði sem er fyrst og fremst hraunlendi. Lynghrauna- og mosahraunavistir eru ríkjandi á svæðinu. Slíkar vistir einkennast af grunnum og næringarsnauðum jarðvegi, ríkjandi mosapekju og frekar fátæklegri æðplöntuflóru, þó ríkulegri í lynghraunavist þar sem lyngtegundir eru ríkjandi. Austar á jörðinni þar sem komið er hærra í landið fjær Þingvallavatni tekur við mósaík þurr- og votlendis þar sem finnast m.a. starungsmýravist sem er metin með mjög hátt verndargildi, sem og mólendis- og graslendisvistgerðir, sumar með hátt verndargildi eins og grasmóavist og lyngmóavist á láglandi.

Umtalsvert fuglalíf er í landi Miðfells, má þar helst nefna heiðlóu, spóa, hrossagauk, rjúpu og kjóa. Þar sem votlendis gætir má einnig reikna með tegundum eins og t.d. lóupræl. Fyrir utan hrossagauk, þá eru ofangreindar tegundir allar á nýuppfærðum valista fugla metnar í hættu eða yfirvofandi hættu. Vaðfuglategundirnar heiðlóa, spói og lóupræll eru þar á lista í fyrsta sinn sökum fækkunar á



undanförnum árum sem líklega má að hluta rekja til búsvæðataps vegna síaukinna umsvifa mannsins. Má þar nefna frístundabyggðir og skógrækt og á síðari árum hefur einnig komið til ört vaxandi uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu. Það gróðurlendi sem er ríkjandi á jörðinni í dag og sem er hluti af stórrí samfelldri heild sambærilegs gróðurlendis einkum til austurs og norðurs, gefur svæðinu hátt verndargildi sem búsvæði þessara mólendisfugla.

Jarðmyndanirnar sem hér hefur verið fjallað um eru ríkjandi mótunarpáttur í landslagi svæðisins. Til viðbótar setur gróðurlendið sem er að mestu lágvaxinn gróður mikinn svip á landslagið. Út af legu lands og gerð gróðurs er víðsýnt innan jarðarinnar, sérstaklega utan við frístundabyggðina þar sem byggingar og ræktuð tré geta skyggt á útsýni. Útsýnið er sérstaklega gott til vesturs yfir Þingvallavatn og suðurs til Búrfells og Ingólfsfells, sem og austurs yfir dyngjuna Lyngdalsheiði. Til norðvesturs sést til móbergsfjallanna Hrafnabjarga og Kálfatindar og á góðum degi til Skjaldbreiðar.

Síðast en ekki síst felst verndargildi jarðarinnar í grunnvatnsstreymi sem rennur neðanjarðar út í Þingvallavatn, hinn svokallaði Miðfellsstraumur. Er um þriðjungur af grunnvatni sem rennur í Þingvallavatn í Miðfellsstraumi og er hann sá mikilvægasti sem rennur inn í syðri hluta vatnsins. Stór hluti hans rennur um jörðina Miðfell. Þetta grunnvatnsstreymi sem einkennist af tæru lindavatni er grunnforsenda fyrir þær einstöku aðstæður sem einkenna Þingvallavatn og það merkilega lífríki sem þar er að finna, m.a. Þingvallahleikjan með sín fjögur afbrigði sem hefur reynst gríðarlega dýrmætt viðfangsefni merkilegra rannsókna í þróunarfræði og vistfræði og hafa þær rannsóknir vakið mikla athygli alþjóðlega. Tærleiki vatnsins er einstakur, jafnvel á alþjóðavísu, sem ræðst ekki síst af lágu niturmagni sem takmarkar þörungavöxt. Grunnvatnsslindakerfin eru sjálf stórmerkileg og þar þrífast merkilegar lífverur eins og grunnvatnsmarflær en tvær tegundir í grunnvatnskerfi Þingvallavatns voru nýjar fyrir vísindin þegar þær fundust á árunum 1998-2000. Þær eru meðal örfárra einlendra tegunda á Íslandi, sem gerir verndargildi þeirra mjög hátt og þar með grunnvatnskerfisins alls. Samkvæmt lögum nr. 85/2000 um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess skal vatnið vera sérstakt vatnsverndarsvæði og innan þess er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Eru sökum þessa ýmis skilyrði sett um framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðisins. Jörðin Miðfell er að öllu leyti innan vatnsverndarsvæðis laganna.

Áhrif skógræktar

Áhrif mögulegrar skógræktar á náttúrufar jarðarinnar geta orðið mjög mikil að mati Náttúrufræðistofnunar, en mismikil eftir því hvernig skógrækt um er að ræða. Ef stefnt væri einungis að ræktun birkikjarrs myndi það leiða til sambærilegs gróðurfars og landslags og einkennir svæðið til norðurs, einkum innan Þjóðgarðsins. Hins vegar ef stefnt væri að skógrækt með hávaxnari trjátegundum s.s. innfluttum barrtrjám eins og sitkagreni, stafafuru eða síberíulerki yrðu miklar breytingar á gróðurfari og ásynnd svæðisins. Þá myndi með tíð og tíma útsýni skerðast þar sem trjágróður yrði nægilega hávaxinn til að skerða það.

Langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Skógrækt felur ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hefur einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022). Skógrækt myndi skerða búsvæði þeirra fugla sem hér hefur verið talað um bæði með beinum og jaðaráhrifum. Tegundir eins og heiðlóa og spói myndu þola skógræktina verst enda myndi það valda miklu uppbroti á varpóðlunum þeirra og valda því að fuglarnir þyrftu að flytja sig á önnur svæði. Þar sem jörðin er svo stór yrði umtalsvert búsvæðatap ef öll jörðin yrði tekin undir skógrækt.

Þess má geta að vegna lítillar jarðvegsþykktar, hentar það svæði þar sem lynghrauna- og mosahraunavistir eru ríkjandi, sem er rúmlega helmingur jarðarinnar, illa fyrir skógrækt þar sem flestar



skógræktartegundir myndu vaxa seint og illa. Líklega þyrfti að fara í einhvers konar úrbætur á jarðvegsgæðum – mögulega með áburðarnotkun sem er ekki víst að fái heimildir fyrir innan vatnsverndarsvæðisins. Framkvæmd plöntunar á stórum skala fylgir alla jafna einnig jarðrask og notkun vélabúnaðar sem í getur falist mengunarhætta. Hvort lífríki Þingvallavatns stafi hætta af skógræktaráformum er ekki auðvelt að meta, en allar framkvæmdir og/eða efnanotkun þarf að rýna mjög vandlega m.t.t. skilyrða um vatnsvernd sem ríkja um svæðið skv. lögum um vernd Þingvallavatns.

Í ljósi verndargildis jarðminja, landslags og búsvæða mófugla sem einkennir stærstan hluta jarðarinnar Miðfells, og þeirra neikvæðu áhrifa sem þessir náttúrufarsþættir gætu orðið fyrir, telur Náttúrufræðistofnun stórfelld skógræktaráform, þar með talið í þágu kolefnisbindingar, ekki vera æskileg á jörðinni. Þá gæti falist hætta á mengun á framkvæmdartíma skógræktar á þeim hluta jarðarinnar sem er þakinn hrauni og þar sem styst er niður á grunnvatn og jarðvegur þunnur

Áhrif vatnstöku

Öll áform um að nýta grunnvatn t.d. sem neysluvatn, þarf að meta m.t.t. þeirra vatnsverndarkvaða sem felast í lögum nr. 85/2000. Ef nýting á grunnvatnsstrauminum myndi ekki vera sjálfbær og skerða streymi til vatnsins getur falist í því mikil áhætta fyrir lífríki þess. Það er ekki á fagsviði Náttúrufræðistofnunar að geta metið það nákvæmlega, en stofnunin setur mikinn fyrirvara á að heimila mikla vatnstöku af þessum mikilvæga grunnvatnsstraumi sem Miðfellsstraumurinn er, ekki síst því Þingvallavatn er nú þegar undir margs konar álagi. Mælt er til þess að leita ráðgjafar hjá Hafrannsóknarstofnun og Umhverfis- og orkustofnun.

Þess má geta að auk þeirra sjónarmiða sem felast í lögum nr. 85/2000 og varða verndun vatnsins, ekki síst vegna lífríkis þess, er vatnið allt á gildandi náttúruminjaskrá og allar ákvarðanir sem geta mögulega rýrt verndargildi þess og nánasta umhverfi þess þarf að taka með varúðarsjónarmið í öndvegi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar